

Mál nr. 69/2005

M og

Vátryggingafélagið V h.f. v. A) og

Vátryggingafélagið Y h.f. (Y)

vegna ábyrgðartryggingar H v. tjóns á búfé.

Umferðaróhapp þegar bifreið ók á hross á Hvalfjarðarvegi þ.20.4.2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.4.2005. ásamt bréfi lögmanns M og málskjölum 1-5
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 758/04
3. Lögregluskýrsla dags. 20.4.2004. og ljósmyndir.
4. Bréf Vátryggingafélagsins V h.f. dags. 13.10.2004 og 7.2.2005.
5. Bréf Vátryggingafélagsins Y h.f. dags. 25.4.2005.

Málsatvik.

Lögregla lýsir aðstæðum á vettvangi þannig að 6 hross hafi verið utan vegar og brún hryssa hafi legið dauð utan vegar skammt frá hrossahópnum. Ökumaðurinn sem ók á hrossið M segir að allt í einu hafi hann séð hrossahóp á veginum og hemlað en ekki náð að koma í veg fyrir að aka á hrossið sem drapst. Í lögregluskýrslu segir að hið hafi legið niðri að hluta inn í hól sem hrossin voru geymd í. Lögmaður M krefst bóta fyrir hans hönd og bendir á í því sambandi m.a. 56.gr. vegalaga nr. 45/1994 þá bendir lögmaðurinn á að hlið að geymsluhólfi fyrir hrossin hafi legið niðri og því hafi hestarnir komist úr hólfinu og út á veginn í veg fyrir A. Y bendir á að vörslur hrossana hafi verið fullnægjandi, ástand girðina sé gott og hafi eiganda hestana ekki verið kunnugt um að hliðið hefði opnast.

Álit.

Lausaganga búfjár er bönnuð þar sem að umferðaróhappið varð. Ekki hefur verið sýnt fram á að vörslur hafi verið fullnægjandi í umrætt sinn. Eigandi hrossa ber ábyrgð á því að vörslum þeirra sé hagað með þeim hætti að þau komist ekki auðveldlega út á akveg eins og um var að ræða í þessu tilviki. Hlið að geymsluhólfi hrossana var opið þegar lögregla kom á vettvang. Eiganda hrossa eða vörsluaðila ber að hlutast til um að lokun á hliði sé með þeim hætti að fullnægjandi sé en ekki var um það að ræða í umrætt sinn og ber eigand hrossins því ábyrgð á tjóni á A en rétt þykir að fella niður bætur til handa eiganda hrossins.

Niðurstaða.

Bæta ber tjón á A úr ábyrgðartryggingu H hjá Y. Tjón á hesti bætist ekki.

Reykjavík 11.5.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.